

KULDI

Notandaleiðbeiningar

Hlífðarfatnaður gegn kulda



EN 342

Notandaleiðbeiningar EN 342:2017

FIOH, Finnland, tilkynntur aðili nr. 0403 hefur rannsakað þessar
vörur samkvæmt PPE reglugerð (EU) 2016/425.

Finna má vottorð og ESB samræmisýfirlýsinguna á www.tranemo.com

Flíkur vottaðar samkvæmt EN 342 til að verja notandann gegn kulda og umhverfisaðstæðum, aðeins er hægt að tryggja verndina ef allur fatnaðurinn er notaður. Allur fatnaðurinn er 3ja laga kerfi með nærfatnaði af gerð B, þ.e. innra lag með nærfatnaði, miðlag undir ytralagi af vottuðum fatnaði ásamt sokkum, lambhúshettu, vettlingum og skóm. Notandi skal tryggja að flíkin sé rétt fest fyrir notkun, þ.á.m. að þrengt sé að stroffi í ermum og að mitti svo að flíkin sé þétt upp að líkamanum. Athugið að ef flíkin eða notandi blotnar getur það minnkað hitaeinangrun flíkurinnar. Geyma skal flíkur á þurrum og vel loftræstum stað til að tryggja að verndareiginleikar þeirra minnki ekki.

Fylgja skal leiðbeiningunum á þvottamiða inni í flíkinni fyrir þvott og umhirðu. Sjá CE-merkið innan á flíkinni til að sjá verndarflokkun hennar samkvæmt EN 342 staðlinum. Athugið að hitaeinangrunin getur minnkað eftir ákveðnar þvottaaðferðir – þvoið og þurrkið flíkina ávallt samkvæmt þvottaleiðbeiningunum á miðanum. Fyrir aukna vernd skal notandinn einnig nota viðeigandi hlífðarfatnað fyrir höfuð, hendur og fætur (vernd fyrir þessa líkamshluta er ekki meðtalin í EN 342).

Flíkur sem eru vottaðar samkvæmt EN 342 eru prófaðar ásamt stöðluðum undirfatnaði og miðlagi (B) eða með undirfatnaði frá framleiðanda (C) eða sem stök flík (R).



Y(B)
AP
WP

Y(B) - Skilvirk hitaeinangrun með Hreyfanlegri gínu = I_{cler} í m^2K/W hjá öllum fatnaðinum með undirfatnaði B.

AP - Gegnumhlepni lofts AP, (Flokkur 1-3, þar sem 3. flokkur veitir bestu verndina gegn vindi)

WP - Vatnspól, WP (valfrjálst). „X“ þýðir að WP er ekki prófað.

Hitaeinangrun I_{cler}

I_{cler} **niðurstöður hitaeinangrunar**, skilgreinir hitaeinangrunina frá húð að ytra yfirborði fatnaðarins, mælt eða reiknað út með gínu á hreyfingu (líkir eftir einstaklingi á ferð).

Hitaeinangrun fatnaðar eða flíkur er flokkuð samkvæmt mældum einangrunargildum. Niðurstaðan sýnir hvernig samsetning fatnaðar verndar gegn ofkulnun.

Hitagildin eru eingöngu gild ef dreifing einangrunarinnar er jöfn á líkamanum með fullnægjandi vörnum fyrir hendur, fætur og höfuð. Prófið byggist á aðstæðum þar sem rakastig er í kringum 50%, vindur er 0,4 m/s til 3 m/s, gegnumdrægni lofts er 50 mm/s og líkamshreyfing er 1 m/s.

**Frammistaða,
standandi einstaklingur**

Lægsti mögulegi hiti sem líkaminn getur haldið hitajöfnunaraðstæðum ótímabundið (8 klst.).
Lægsti mögulegi hiti þar sem ásættanleg líkamskólnun helst jöfn í 1 klst.

Einangrun I_{cler} (m^2K/W)	Standandi einstaklingur			
	75 W/m ²			
	Vindhraði			
	0,4 m/s		3 m/s	
	8 h	1 h	8 h	1 h
0,265	13°	0°	19°	7°
0,310	10°	-4°	17°	3°
0,390	5°	-12°	13°	-3°
0,470	0°	-20°	7°	-9°
0,540	-5°	-26°	4°	-14°
0,620	-10°	-32°	0°	-20°

Frammistaða, einstaklingur á ferð

Lægsti mögulegi hiti sem líkaminn getur haldið hitajöfnunaraðstæðum ótímabundið (8 klst.) við litla og miðlungsmikla hreyfingu.
Lægsti mögulegi hiti þar sem ásættanleg líkamskólnun helst jöfn í 1 klst. við litla og miðlungsmikla hreyfingu

Einangrun I_{cler} (m^2K/W)	Einstaklingur á ferð							
	Lítill, 115 W/m ²				Miðlungsmikil, 170 W/m ²			
	Vindhraði				Vindhraði			
	0,4 m/s		3 m/s		0,4 m/s		3 m/s	
	8 h	1 h	8 h	1 h	8 h	1 h	8 h	1 h
0,265	3°	-12°	9°	-3°	-12°	-28°	-2°	-16°
0,310	-2°	-18°	6°	-8°	-18°	-36°	-7°	-22°
0,390	-9°	-28°	0°	-16°	-29°	-49°	-16°	-33°
0,470	-17°	-38°	-6°	-24°	-40°	-60°	-24°	-43°
0,540	-24°	-45°	-11°	-30°	-49°	-71°	-32°	-52°
0,620	-31°	-55°	-17°	-38°	-60°	-84°	-40°	-61°

Gegnhleypni lofts, AP

AP mælir hversu auðveldlega loft getur farið í gegnum efnið.
Efni í 3. flokki veitir bestu verndina gegn vindi.

AP, mm/s	Flokkur
AP > 100	1
5 < AP ≤ 100	2
AP ≤ 5	3

Vatnsþol, WP (valfrjálst)

WP mælir mótstöðu gegn því að vatn (vatnsþrýstingur) fari í gegnum efnið. Eingöngu efnið er prófað, ekki saumarnir á fatnaðinum.

WP, Pa
8 000 ≤ WP

Þrjár staðsetningar



Skútvogur 1
Reykjavík



Smiðjuvegur 1
Kópavogi



Draupnisdaga 2
Akureyri

Sindri vinnuföt

Sími: 567-6000

www.sindri.is/vinnufot